

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 12. nóvember 2020
UST202010-159/H.G.
08.12.01

Færsla starfsleyfis fyrir rekstur fiskeldis – Laxar Fiskeldi ehf., Bakki 1

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Laxar eignarhaldsfélag ehf., kt. 621205-1370 og Laxar Fiskeldi ehf., kt. 450220-1400, sem barst stofnuninni þann 16. október sl. þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Laxa eignarhaldsfélags ehf. til landeldis á laxfiskum að Bakka 1, í sveitarfélaginu Ölfusi, yfir á Laxa Fiskeldi ehf. Starfsleyfi Laxa eignarhaldsfélags ehf. var gefið út af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 1. október 2014. Starfsleyfinu var breytt árið 2016 og gildir til 1. október 2026.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Laxa Fiskeldis ehf., kt. 450220-1400.

Þar sem tillaga að nýju starfsleyfi fyrir Laxa Fiskeldi ehf. að Bakka 1 er í auglýsingu til 24. nóvember nk. er lagt til að kennitala rekstraraðila verði uppfærð í nýju starfsleyfi við útgáfu þess.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Löxum Fiskeldi ehf. kt. 450220-1400, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 26.400.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur